

Greinargerð um stöðu Grunnskóla Öfundarfjarðar vorið 2020 vegna ytra mats sem fram fór vorið 2019.

Ytra mat var framkvæmt af Birnu Sigurjónsdóttur og Svanhildi Maríu Ólafsdóttur á vegum Menntamálastofnunar. Þættir sem lágu til grundvallar voru stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, og innra mat.

Veður og ófærð settu strik í reikninginn í starfi Grunnskóla Öfundarfjarðar skólaárið 2019-2020, eða frá 10. desember og fram í mars 2020. Þann 14. janúar féllu tvö snjóflóð sem ollu eyðileggingu og höfðu áhrif á nemendur og starf skólans. Þegar loks virtist sjá til sólar eftir langan og strangan vetur kom heimsfaraldur af völdum kórónaveiru sem setti enn meiri svip á skólastarfið.

Skólanáskrá var endurskoðuð á skólaárinu 2019-2020 og tókst að koma henni heildstætt saman á vordögum með tilliti til þess að hún samræmist því sem unnið er í skólanum. Er hún komin á heimasíðu skólans og verður endurskoðuð haustið 2020.

Skólaráð er orðið virkt, einn fundur var haldinn fyrir áramót en fundir sem áttu að vera eftir áramótin voru ekki haldnir vegna utanaðkomandi aðstæðna en skjöl send á milli með tölvupósti til yfirlestrar og samþykktar. Ráðið er sameiginlegt fyrir leik og grunnskóla til reynslu þetta ár og verður endurskoðað á fyrsta fundi í haust hvort það fyrirkomulag verður haft áfram.

Sérkennslufulltrúi og fræðslustjóri komust ekki eins oft og til stóð á staðinn til að vera með fræðslu og ráðgjöf en auðvelt var fyrir skólastjóra að ná sambandi með tölvupósti og í síma auk þess sem stjórnendur funduðu reglulega á fjarfundum. Fyrir vikið reyndist þjónusta þeirra og stuðningur kennurum þó ekki eins góð og til stóð.

Skilyrðum um kennslustundafjölda er nú fullnægt í öllum árgöngum.

Miðstignemendur fylgja ýmist yngsta stigi, eru sér eða með unglिंगastigi.

Aukinni fjölbreytni í vali var mætt með því að hafa hönnun og smíði tengda áhugasviði þrjár kennslustundir í viku fyrir mið og unglिंगastig. Þetta mælist mjög vel fyrir hjá nemendum og starfsfólki sem að þessari kennslu kemur.

Fyrirhugað var að halda nemendaping og taka þar fyrir grunnþætti menntunar. Ekki tókst að halda þetta þing á skólaárinu en verður gert á því næsta. Mat verður lagt á vinnu með grunnþættina út frá þessu þingi.

Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, í kennslustundum, nemendaráðsfundum og skólaráðsfundum. Það þarf samt sem áður að huga betur að þessum þætti.

Stjórnandi fylgist með námi og kennslu og gefur endurgjöf varðandi það sem vel er gert og einnig þar sem eitthvað má betur fara. Þennan lið má samt sem áður ennþá bæta.

Heimasíðan er orðin virkari bæði hvað varðar daglegar upplýsingar og þær skýrslur og námskrár sem þar á að vera hægt að nálgast. Kennsluáætlanir eru settar þar inn.

Námsmat er unnið í mentor eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og miðast við markmið. Þessi vinna er krefjandi og í stöðugri þróun.

Innra mat er unnið samkvæmt gæðagreinum. Áætlun var gerð og birt í starfsáætlun. Tekist hefur að fara yfir alla þá gæðagreina sem til stóð að vinna með á skólaárinu.

Þegar ytra matið var framkvæmt vorið 2019 var skólastjóri á sínu fyrsta starfsári við skólann og aðrir starfsmenn einnig utan eins leiðbeinada sem hafði starfað í eitt ár. Skólastarfið hefur tekið framförum á því ári sem liðið er og veitir ytra matið þar gott aðhald. Meðfylgjandi er umbótaáætlun sem sýnir hvernig við ætlum að halda áfram að þróa starfið í rétta átt.

Grunnksóli Önundarfjarðar, 13. júní 2020

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir,

Skólastjóri Grunnskóla Önundarfjarðar og Leikskólans Grænararðs